

Ed.

176. Frumvarp til laga

[108. mál]

um undirbúning þörungavinnslu að Reykhólum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 13. des.)

Samhljóða þskj. 136 með þessari breytingu:

6. gr. hljóðar svo:

Íslenska ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkv. 2. gr., hvort sem eru einstaklingar, félög eða stofnanir, innlendir eða erlendir, skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélagsins, án tillits til ákvæða 2. málslíðs 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum 1. málslíðs þeirrar málsgreinar. Sama máli gegnir um tölu hluthafa þess, að því er varðar 38. gr. hlutafélagslaganna.

Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins mega vera erlendir ríkisborgarar og búsettir erlendir, þó ekki sá meiri hluti, sem áskilinn er í 2. gr. hér að framan. Þurfa stjórnendur ekki að eiga hlut í félaginu.

Hlutabréf í félaginu skulu skráð á nafn. Ákvæði 2. málslíðs 2. málsgreinar 31. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög, skulu ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félaginu.